



Urriðinn í Laxá í Laxárdal - Rannsókn 2024

Jóhannes Sturlaugsson

Laxfiskar



Febrúar 2025

Urriðinn í Laxá í Laxárdal - Rannsókn 2024

Jóhannes Sturlaugsson

Laxfiskar febrúar 2025

Vitna skal í skýrsluna á eftirfarandi máta:

Jóhannes Sturlaugsson. 2024. Urriðinn í Laxá í Laxárdal: Rannsókn 2024. Laxfiskar. 17. bls.

Forsíðumyndir tók Jóhannes Sturlaugsson í og við Laxá í Laxárdal 12. júní 2024



Efnisyfirlit

Bls.

Ágrip	1
Summary	2
1. INNGANGUR	3
2. FRAMKVÆMD	3
3. NIÐURSTÖÐUR	5
3. 1. VEIÐI OG MERKINGAR.....	5
3. 2. ALDUR URRÍÐANNA OG HRYGNINGARFORSAGA.....	8
4. LOKAORÐ	9
5. ÞAKKARORÐ	10
HEIMILDIR	11
VIÐAUKAR - VEIÐIKORT FRÁ SVFR	12-17

Ágrip

Sumarið 2024 var urriðinn í Laxá í Laxárdal rannsakaður af höfundi, Jóhannesi Sturlaugssyni á vegum rannsóknafyrirtækisins Laxfiska. Aflað var upplýsinga um samsetningu veiðistofnsins sem þar er nýttur með stangveiði á grunni veiðiháttarins veiða og sleppa. Einnig voru framkvæmdar fiskmerkingar á urriðum úr veiði í því skyni að kortleggja hvernig urriði í veiðistærð dreifir sér innan árinna með hliðsjón af svæðum og tíma, en framhald verður á merkingunum sumarið 2025. Almenn dreifing urriðaveiðinnar 2024 með hliðsjón af veiðistöðum var aukinheldur tekin saman.

Sumarið 2024 voru 892 urriðar veiddir á um 15 km löngu veiðisvæði Laxár í Laxárdal og skráðir í rafræna veiðibók. Af þeim urriðum voru 110 merktir útvortis með númeruðum slöngumerkjum eða sem nam 12,3% af veiðinni og læsileg hreistur fengust af 82 urriðum úr þeim hópi (9,2% veiðinnar).

Vænir urriðar báru uppi urriðaveiðina í Laxárdalnum 2024 líkt og sést á því að 85% veiðinnar voru urriðar á bilinu 50-70 cm að lengd. Lengd urriðanna sem veiddust sumarið 2024 spannaði frá 30 cm og upp í 75cm og þyngd fiskanna var frá 0,3 og upp í 4,5 kg. Urriðarnir sem merktir voru úr veiðinni 2024 voru frá 37 cm og upp í 70 cm að lengd og aldur þeirra var á bilinu frá 4 árum og upp í 10 ár. Niðurstöðurnar frá hreisturlestrinum gáfu sýn á þá lífssögu sem er nú ráðandi hjá urriðanum í Laxárdalnum. Urriðarnir urðu flestir kynþroska 5 eða 6 ára en einnig fundust stök dæmi þess að fyrsta hrygning hefði átt sér stað við 4 ára aldur í tilfalli urriðahængs og við 7 ára aldur. Hreisturgögnin gáfu einnig færi á að ráða almennt í hrygningarþátttöku urriðanna sem sýndi að árinu á undan (2023) þá var tæplega þriðjungur urriðanna geldur um hrygninguna að hausti og í vetrarbyrjun. Það sem út af stóð voru urriðar sem voru að hrygna í fyrsta til fjórða sinn árinu fyrir veiðina á þeim, sem vísaði til þess að ef þeir urriðar myndu ekki taka hrygningarhlé á veiðiárinu 2024, þá myndu þeir hrygna í 2. til 5. sinn þá um haustið. Af þeim urriðum sem hrygnt höfðu 2023 þá voru flestir þeirra að hrygna það ár í annað sinn (39%), en stór hluti hópsins var þá að hrygna í fyrsta sinn (19,5%) eða í þriðja sinn (13,4%).

Summary

In the summer of 2024, a study was conducted on the brown trout (*Salmo trutta*) population in the Laxá River, in the Laxárdalur Valley. The research aimed to gather information on the composition of the brown trout fishing stock but the angling involved was practiced based on the catch and release method. To enhance the usefulness of the study, a part of the brown trout captured was tagged, in order to map the distribution of the trout in the river over time and by area. Additionally, the distribution of captured trout in the Laxá River fishing area in the Laxárdalur Valley in the 2024 season in relation to the fishing sites is presented.

During the summer of 2024, a total of 892 trout were caught in the approximately 15 km long fishing area of the Laxá River in the Laxárdalur Valley, all recorded in an electronic fishing logbook. From this catch, 110 trout, or 12.3%, were externally tagged with numbered conventional T-bar tags, and readable scales were collected from 82 of these tagged trout (9.2% of the total catch in 2024).

The brown trout catch in the Laxá River in the Laxárdalur Valley in 2024 consisted mainly of large fish as reflected by the fact that 85% of the catch consisted of trout ranging from 50-70 cm in length. Overall length distribution of the trout captured in 2024 ranged from 30 cm to 75 cm, and their weight ranged from 0.3 kg to 4.5 kg. The tagged trout from the 2024 catch measured between 37 cm and 70 cm in length and were aged between 4 and 10 years. The scale readings provided further insights into the life history of the brown trout in the Laxá River in the Laxárdalur Valley. Most brown trout reached sexual maturity at 5 or 6 years of age, although individual examples of spawning at 4 and 7 years of age. The scale data also allowed for determining the participation in spawning by the trout. It was found that nearly a third (26.8%) of the trout captured in 2024 had not spawned during the 2023 spawning season. The study revealed that the rest of the catch in 2024 were pre-spawners that had spawned for the first to fourth time in 2023, and that probably most of them would also spawn in 2024. Most of these brown trout pre-spawners had their second spawning in 2023 (39% of the total catch), but there was also a significant proportion of the total catch 2024 that were spawning in 2023 for the first time (19.5%) or the third time (13.4%).

1. Inngangur

Lífríki Mývatns og Laxár sem þaðan fellur er einstakt á marga vegu. Urriðinn í Laxá er einkennisdýr árinna þar sem hún rennur um Mývatnssveit og Laxárdalinn með tilheyrandi nytsemi fyrir íbúa svæðisins. Árið 2024 var hóf höfundur þessara orða rannsókn á urriða Laxár í samstarfi við Veiðifélag Laxár og Krákár – sem og Stangaveiðifélag Reykjavíkur sem hefur verið leigutaki stangaveiðiréttarins í ánni í yfir áratug. Í þessari skýrslu eru reifaðar fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar sem varpa ljósi á samsetningu veiðistofns urriðans í Laxárdal. Auk þess sem komið er inn á merkingar á urriðanum árið 2024 sem skila munu upplýsingum á næstu árum í gegnum endurheimtur.

Rannsóknir á urriða í Laxá spanna meira en hálfu öld. Af ýmsu er þar að taka bæði athuganir á stærri fiski og seiðum (Guðni Guðbergsson 2005; Jón Kristjánsson 1975 og 1982) en mestur fengur var þó að ítarlegum rannsóknum sem framkvæmdar voru undir forystu Gísla Mús Gíslasonar (Gísli Már Gíslason o. fl. 2002; Steingrímur Óli Stefánsson og Gísli Már Gíslason 2002). Þær fyrri tíma rannsóknir gera kleift að skoða hverju munar hjá urriðum sem nú synda um Laxá samanborið við fyrr á tíð þegar loftslagsbreytingar voru ekki jafn örvar og nú – og „veiða og sleppa“ veiðihátturinn hafði ekki rutt sér til rúms líkt og reyndin er í veiðum á svæðinu í dag.

2. Framkvæmd

Ársvæðið

Efri hluti Laxár er um 33 km að lengd frá ósunum í Mývatni niður að Brúarfossom. Neðan Brúarfossa tekur síðan við um 25 km langur árkaflur norður í sjávarósa Laxár í Skjálfaflóa. Efri hluti Laxár (í Mývatnssveit og í Laxárdal niður að inntakslóni Laxárvirkjunar) er ríflega 30 km langur og þar ræður urriðinn ríkjum. Svæðið fósstrar gríðarlegt magn urriða líkt og veiðin endurspeglar. Árið 2024 veiddust tæplega 4 þúsund urriðar á ársvæðinu í Mývatnssveit og tæplega 1 þúsund urriðar á veiðisvæðinu í Laxárdalnum. Árið 2024 tók rannsóknin eingöngu til þess hluta veiðisvæðisins sem kennt er við Laxárdalinn en það er um 15 km langt (1. mynd).

Gagnasöfnun

Gagnasöfnun 2024 hófst í fyrrihluta júní og lauk í síðari hluta ágúst. Gögnum var safnað úr veiði á veiðitíma og með veiði stangaveiðimanna í Árnefnd SVFR strax eftir að almennum veiðitíma lauk. Gagnasöfnun á vettvangi samanstóð af merkingum á urriða með útvortis slöngumerkjum og samhliða sýnatöku þar sem aflað var hreistursýna til að ákvarða aldur fiskanna og til að fá innsýn í þá lífssögulegu þætti sem ummerki er að finna um í hreistrinu (hrygningarþátttaka o.fl.). Samhliða merkingu eru 4-6 hreisturflögur fjarlægðar af urriðunum til aldursgreiningar, þeir kyngreindir þegar mögulegt er og lengd þeirra mæld. Erfðasýnum var auk þess safnað af hátt í 40 merktum urriðum til síðari nota.

Rannsóknarvinna á vettvangi hófst á því að höfundur þessara orða fór norður í Laxárdal í fyrri hluta júní þar sem hann hóf merkingar og sýnatöku verkefnisins (2. mynd). Samhliða voru umsjónaraðilar SVFR á vettvangi þjálfaðir af höfundi þessara orða í fiskmerkingum og tilheyrandi sýnatöku (2. mynd). Téðir umsjónaraðilar voru stangveiðimennirnir Hrafn Ágústsson og Ólafur Ágúst Haraldsson en þeir sáu um sýnatöku á vettvangi það sem eftir lifði sumars, þ.m.t. að stýra á svæðinu aðkomu annarra stangveiðimanna að gagnasöfnun þessari. Hallgrímur Hallsson bóndi í Árhólum er tengiliður veiðifélagsins við stangveiðimenn í Laxárdalnum en auk hans er Hólmfríður Jónsdóttir formaður Veiðifélags Laxár og Krákár í forsvari fyrir framkvæmd rannsóknarverkefnisins.



Veiðikort SVFR (nr)	Veiðistaður (nafn)	Veiðistaður (nr)	Vestan = v Austan = a
2,1	Æsufit	1	v
2,1	Nónvik	2	a
2,1	Vaðpollur	3	a
2,1	Varastaðahólmi	4	v
2,1	Djúpasvíf	5	v
2,1	Hamarsnes	6	a
2,1	Atlavík	7	v
2,1	Grundará	8	v
2,1	Geirabakki	9	v
2,1	Syðstibakki	10	a
2,1	<i>Bærinn Ljótssstaðir</i>		v
2,1	Hvíthólspollar	11	v
2,1	Garðasendapollur	12	v
2,1	Ljótssstaðabakki	13	a
2,1	Kofabrotspollar	14	v
2,1	Girðingapollur	15	v
2,1+2,2	Ljótssstaðaeýri	16	v
2,1+2,2	Merkjapollar	17	v
2,2	Beygja	18	v
2,2	Húsapollar	19	a
2,2	Syðri Eyri	20	v
2,2	Ytri Eyri	21	v
2,2	Hjallsendabakki	22	a
2,2	Nauteyri	23	v
2,2	Stekkjarpollur	24	a
2,2	Skútar	25	v
2,2	Ferjufló vestan	26	v
2,2	Ferjufló austan	27	a
2,2	Hádegisvað	28	v
2,2	<i>Bærinn Árhólar</i>		a
2,2	Auðnahólmi	29	v
2,2+2,3	Hagabakki	30	v
2,2+2,3	Hagakill	31	v
2,2+2,3	Nestá	32	a
2,2+2,3	Háhraun	33	v
2,3	<i>Bærinn Auðnir</i>		v
2,3	Auðnabakki	34	a
2,3	Slátta	35	v
2,3	Flúðir	36	v
2,3	Hamarsbakki	37	a
2,3	Merkivík	38	v
2,3	Jóelsbakki	39	v
2,3	Pollhvammur	40	a
2,3	Djúpidráttur vestan	41	v
2,3	Djúpidráttur austan	42	a
2,3	Víðir	43	v og a
2,3	<i>Bærinn Þverá</i>		v
2,3	Vítisbakkar	44	a
2,3	Syðstihólmi	45	v
2,3	Stekkjarnef	46	v
2,3	Bárnavíkurbakki	47	a
2,3	Bárnavík	48	a
2,3	Hólmakvísl	49	v
2,3	Þverárhólmar	50	v
2,3	Breiðibakki	51	a
2,3+2,4	Pollnesáll	52	v
2,3+2,4	Pollnestá	53	v
2,3+2,4	Ystibakki	54	a
2,3+2,4	Kreppuvík	55	v
2,3+2,4	Markhólmi	56	a
2,3+2,4	Markhólmabakki	57	a
2,3+2,4	Slæða vestan	58	v
2,3+2,4	Slæða austan	59	a
2,3+2,4	Nafarhólmi	60	a
2,4	Nöf	61	v
2,4	Nafarvað	62	a
2,4	Nafarbakki	63	a

Veiðikort SVFR (nr)	Veiðistaður (nafn)	Veiðistaður (nr)	Vestan = v Austan = a
2,4	Kringla	64	v
2,4	Kringlubakki	65	v
2,4	Grjótbakki	66	a
2,4	Síkisbakki	67	v
2,4	Háhraunsbakki	68	v
2,4	Syðribakki	69	a
2,4	Forvaði	70	v
2,4	<i>Bærinn Halldórsstaðir</i>		v
2,4	Svífabakki	71	v
2,4	Ytribakki	72	a
2,4	<i>Bærinn Kasthvammur</i>		a
2,4	<i>Bærinn Árhvammur</i>		a
2,4	Geitanef	73	a
2,4	Sláttur	74	v
2,4	Kletthólmi	75	a
2,4	Haldórsstaðahólmar	76	v
2,4	Sauðatangi	77	v
2,4	Strákáll	78	a
2,4	Nautatangi	79	v
2,4	Ystipartur	80	v
2,4	Birningsstaðaeý	81	v
2,4	Flóðavað	82	a
2,4	Birningsstaðafló	83	v
2,4	Birningsstaðafló	84	a
2,4+2,5	Ytra-vað	85	v
2,5	Bakkahorn	86	a
2,5	Ullarnef	87	v
2,5	<i>Bærinn Birningsstaðir</i>		v
2,5	Álftanef	88	a
2,5	<i>Veiðihúsið Rauðhólar</i>		a
2,4	Stekkjarkvísl	89	v
2,5	Sog vestan	90	v
2,5	Sog austan	91	a
2,5	Rauðhólaey	92	a og v
2,4	Syðstibakki	93	v
2,5	Rauðhólaeyjarkvísl	94	a
2,5	Heygarðsnes	95	a
2,5	Miðbakki	96	v
2,5	Kerlingabakki	97	a
2,5	Mangapollur	98	a
2,5	Miðbakkaneft	99	v
2,5	Siggutótarhellar	100	a
2,5	Ystibakki	101	v
2,5	Laugarbakki	102	a
2,5	Árgilsstaðafó vestan	103	v
2,5	Árgilsstaðafló austan	104	a
2,5	Arnarbæli	105	v
2,5	Hella	106	a
2,5	Merkjanes	107	a
2,5	Presthólmi	108	a
2,5	Presthólmanes	109	a
2,5	Bæjarpollur	110	v
2,5+2,6	Syðri-Laughvammur	111	v
2,5+2,6	Laugaeyjar	112	a
2,6	Ytri-Laughvammur	113	v
2,6	Presthvammslaug	114	a
2,6	Þrípollar	115	v
2,6	Presthvammabakki	116	a
2,6	Straumeyjarbakki	117	v
2,6	Syðri-Straumey	118	v og a
2,6	Hólar	119	v
2,6	Ytri-Straumey	120	v og a
2,6	Ytri-Straumeyjarkvísl	121	v
2,6	Helley	122	v og a
2,6	Gljúfraeyri	123	v
2,6	Gljúfravað	124	v
2,6	Kvígildisuga	125	a
2,6	Kletteyja	126	a
2,6	Eirikseyjar	127	a

1. mynd. Loftmyndakort sem sýnir veiðisvæðið í Laxárdal og veiðistaðina allt frá Æsufiti (nr. 1) syðst og niður (norður) að Eiríkseyjum (nr. 125) rétt ofan stíflu Laxárvirkjunar. Vísað er í veiðikort SVFR sem fylgja í viðauka varðandi nánari upplýsingar um staðsetningu veiðistaða. Tilgreint er hvort staðirnir eru vestan eða austan ár.




A.



B.

2. mynd. Myndin vinstra megin (A) sýnir Jóhannes Sturlaugsson og Ólafur Ágúst Haraldsson við merkingarveiðar í Laxá í í Laxárdal í júní 2024 og myndin hægra megin (B) sýnir Ólaf og Hrafn stangveiðimenn SVFR við sama tækifæri.



A.




B.

3. mynd. Á myndinni má sjá urriða með slöngumerki í baki í háf (A) og sama urriða þegar honum var sleppt eftir merkingu, mælingu og sýnatöku (B). Myndir Jóhannes Sturlaugsson.

3. Niðurstöður


3.1. Veði og merkingar

Á myndum 4 og 5 má sjá útlistun á veiðinni 2024 með hliðsjón af veiðistöðum og fiskstærðum.



4. mynd. Urriðaveiðin í Laxá á veiðisvæðinu í Laxárdal sumarið 2024 með hliðsjón af merktum veiðistöðum.


Á 5. mynd sést hve merkingar dreifðust vel með hliðsjón af stærðum urriðanna.



5. mynd. Urriðaveiðin í Laxá í Laxárdal 2024 skipt upp eftir þeim lengdarbilum sem veiddir fiskar voru flokkaðir í. Heildarveiði sem var skráð í rafræna veiðibók er sýnd og þar af sá fjöldi sem merktur var.

Við framsetningu niðurstaðna þá er hér stuðst við myndræna framsetningu þar sem reynt er að draga fram helstu niðurstöður á skýran hátt. Þeirri myndrænu framsetningu gagnanna fylgja tölur yfir fjölda fiska að baki hverju sinni og önnur tölugögn þannig að gröfin þjóna í senn sem mynd og töflur.

Myndin hér að neðan (6. mynd) sýnir dreifingu urriðanna sem merktir voru 2024 út frá lengd þeirra og með hliðsjón af svæðum Laxárdals út frá veiðistöðum. Sú samantekt sýnir að merkingarnar og tilheyrandi mælingar og sýnataka gefa góða mynd af öllu veiðisvæðinu í Laxárdal sem og fiskstærðum urriðanna sem standa að baki veiðinni þar.




6. mynd. Fjöldi urriða sem stangveiddir voru og merktir sumarið 2024 í Laxá í Laxárdal með hliðsjón af lengd fiskanna og veiðisvæðum. Upplýsingar um lengd fiskanna grundvallast á 5 cm lengdahópum sem spanna allar fiskstærðirnar sem komu fram í veiðinni 2024. Upplýsingar um veiðisvæðin taka mið af 4 tilgreindum svæðum með vísun í þá merktu veiðistaði sem eru innan þeirra sem getið er á 1. mynd. Efst á heildarveiðisvæðinu sem veitt er af í Laxárdal er tilgreint svæði efstu 33 merktu veiðistaðanna (1-33) og 3 önnur svæði þar sem það neðsta innhaldur veiðistaði númer 92-127. Alls standa 110 merktir urriðar að baki þessum gögnum og fjöldi þeirra að baki hverju lengdarbili er tilgreindur efst á á myndinni.

Endurheimtur frá merkingunum 2024 komu lítið við sögu sumarið 2024 sem skýrist að mestu af því að umfang merkinganna var mest í ágúst og eftir að veiðitíma var lokið í ágúst. Eini merkti fiskurinn sem endurheimtist 2024 gaf litlar upplýsingar því hann veiddist sama dag og hann var merktur og á sama veiðistað. Miðað við merkingar sem framkvæmdar voru á urriða í Laxá fyrir ríflega 30 árum (Gíslason 2020) þá má gera ráð fyrir að endurheimtur geti náð 10%. Eðli málsins samkvæmt þá ræður stærð veiðistofns urriðans hverju sinni miklu um hvert eiginlegt veiðiálag er og um leið hvernig merkin og tilheyrandi upplýsingar skila sér í gegnum veiðina. Það verður spennandi að sjá hvaða gögnum endurheimtur 2025 og 2026 skila frá fiskum sem merktir voru 2024.

3.2. Aldur urriðanna og hrygningarforsaga


Hreistur var tekið af öllum þeim 110 urriðum sem merktir voru 2024. Af þeim reyndist unnt að lesa hreistur af 82 fiskum. Á grunni þeirra hreisturgagna þá var aldur urriðanna dreginn saman með hliðsjón af stærð fiskanna og niðurstaðan sett fram myndrænt (7. mynd). Niðurstöðurnar gefa mjög gagnlega innsýn í samsetningu veiðistofnsins miðað við aldur. Þegar litið er til gagna um aldur urriða í Laxá frá fyrri tíð þá sést að eldri fiskar finnast nú í veiðistofninum auk þess sem stærstu fiskarnir eru stærri og hlutfallslega fleiri en þá var (Jón Kristjánsson 1975 og 1982). Hvorutveggja verður að ætla að sé eðlilegur fylgifyrirkenni þess að veiðihátturinn veiða og sleppa hefur ráðið ríkjum í Laxárdal um langt skeið. Fleira kemur þó til eins og gengu; breytt tíðarfar er þar á meðal með tilheyrandi áhrifum á ætisframboð og vaxtarskilyrði. Þannig er stærð urriðanna á hverju aldursári meiri nú en þegar Jón Kristjánsson gerði sínar athuganir í Laxá fyrir hálfri öld. Reyndar svipar urriðunum sem nú synda um Laxá hvað vöxt varðar nokkuð til urriðanna í Þingvallavatni framan af, þó svo að það dragi í sundur þegar 60-70 cm stærð er náð enda er Þingvallaurriðinn þá kominn á kaf í murtuát með tilheyrandi þægindum þegar nóg er af murtu (Jóhannes Sturlaugsson o.fl. 2009). Sá aðstöðumunur kemur einnig við sögu þess mismunar sem er að finna í hámarksaldri urriðastofna í Laxá og Þingvallavatni.



7. mynd. Aldur urriða í stangveiðinni í Laxá í Laxárdal sumarið 2024 samkvæmt hreistursýnum af fiskum sem voru merktir þá. Gögnin byggja á lestri hreisturs sem var tekið af fiskum samhliða merkingu sem reyndist lesanlegt og er sá fjöldi hrygningarurriða sýndur efst á myndinni. Alls var hreistur skoðað af 110 urriðum frá merkingunni 2024, en af þeim voru 82 hreistursýni lesanleg en 28 þeirra (25% hreistursýnanna) voru ólesanleg.

Elstu urriðarnir voru almennt 9 ára gamlir (á sínu 10. aldursári) en þeir voru 61-70 cm langir. Elsti urriðinn sem var aldursgreindur í Laxárdal 2024 (65 cm langur) var 10 ára (á sínu 11. aldursári) og væntanlega er einhverja eldri fiska þar að finna samanber að 2024 veiddust allt upp í 75 cm langir urriðar þar (5. og 7. mynd). Til samanburðar þá voru 16 ára urriðar lengst af elstu urriðarnir í Þingvallavatni (Jóhannes Sturlaugsson og Hilmar Malmquist 2011) en í seinni tíð hef ég í rannsóknum mínu þar rekist á allt upp í 19 ára urriða (Jóhannes Sturlaugsson óbirt gögn).

Við lestur hreisturs af urriðunum þá var skráð ef hrygningareinkenni sáust hvaða ár þau komu fram (skertur vöxtur og hreistursummyndanir er vitna um hrygningu). Á grunni þess mats eru hér sett fram gögn yfir það hvernig veiðistofn urriðanna 2024 var samsettur með hliðsjón af hrygningarforsögu sinni út frá því úrtaki hreisturs sem aflað var 2024 (8. mynd).



8. mynd. Hlutfallslegur fjöldi (hundraðshluti) hrygningarurriða í Laxá í Laxárdal sumarið 2024 með hliðsjón af hrygningarforsögu þeirra samkvæmt hreistursýnum af þeim fiskum sem voru merktir þá. Fjöldi urriðanna er settur fram með hliðsjón af því hvort þar var um að ræða urriða sem voru geldir á riðtíma að hausti til vetrarbyrjunar árinu á undan (2023) eða urriða sem höfðu hrygnt það ár í fyrsta sinn (1. hrygning) eða einnig á fyrri árum (2. - 4. hrygning). Gögnin byggja á lestri hreisturs sem var tekið af fiskum samhliða merkingu sem reyndist lesanlegt og er sá fjöldi hrygningarurriða sýndur efst á myndinni. Alls var hreistur skoðað af 110 urriðum frá merkingunni 2024 en hreistur af 28 þeirra voru ólesanleg.

Niðurstöðurnar frá mati á hrygningarþátttökunni sýndu jafnframt að tæplega þriðjungur urriðanna var geldur um hrygninguna að hausti og í vetrarbyrjun 2023 og fimmtungur urriðanna var þá að taka þátt í hrygningunni í fyrsta sinn. Þannig að rétt ríflega helmingur fiskanna sem veiddust 2024 voru samkvæmt úrtakinu hrygningarurriðar sem hrygnt höfðu tvisvar til fjórum sinnum.

Urriðarnir urðu flestir kynþroska 5 eða 6 ára, þ.e.a.s. hryngdu í fyrsta sinn á þeim aldri. Eitt dæmi fannst um snemmkynþroska hæng sem hryngdi fyrsta sinni 4 ára og einnig dæmi um urriða sem hrygnt hafði í fyrsta sinn 7 ára gamall.

4. Lokaorð

Rannsókn á urriða í Laxá í Laxárdal 2024 hefur þegar skilað mjög gagnlegum upplýsingum um þann merka fisk. Þetta upphafsskref rannsóknarinnar lagði enn fremur með fiskmerkingunum 2024 grunninn að enn frekari uppskeru verkefnisins.

5. Þakkarorð

Fiskræktarsjóði er þakkaður sá fjárstyrkur sem hann veitti upphafi þessarar rannsóknar, en það framlag var forsenda þess að hægt var ráðast í rannsóknina. Skýrsluhöfundar þakkar Hallgrími Hallssyni í Árhólum og Hólmsfríði Jónsdóttur á Arnarvatni fyrir stjórnun verkefnisins af hálfu Veidifélags Laxár og Krákár sem og Ingimundi Bergssyni hjá Stangaveidifélagi Reykjavíkur fyrir hans aðkomu. Árnefnd SVFR fyrir Laxá í Laxárdal er þökkuð aðstoðin við undirbúning verkefnisins, ekki síst Margréti Sverrisdóttur. Ennfremur er stangveiðimönnum SVFR þakkað fyrir merkingar og söfnun sýna af stangveiddum urriðum en þar fóru fremstir þeir Hrafn Ágústsson og Ólafur Ágúst Haraldsson og annað fólk sem skipar Árnefnd SVFR fyrir Laxá í Laxárdal. Þakkir fá stangveiðimenn að lokum fyrir skilmerkilegar skráningar sínar á veiðinni í Laxá í Laxárdal í rafræna veiðibók.

Heimildir

Gísli Már Gíslason, Stefán Ó. Steingrímsson og Guðni Guðbergsson (2002) Stock size and movements of landlocked brown trout (*Salmo trutta* L.) in the subarctic River Laxá, north-east Iceland, Verh. Internat. Limnol. 28: 1567-1571.

Guðni Guðbergsson 2004. Laxá í Þingeyjarsýslu ofan Brúa. Seiðarannsóknir og urriðaveiði 2004. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/0510. 26 bls.

Jón Kristjánsson 1975. Laxá í Þing, ofan Brúa. Urriðaveiðin 1974. Veiðimálastofnun, fjölrit 17. 9 bls.

Jón Kristjánsson 1982. Urriðaveiðin í Laxá í Þingeyjarsýslu 1979 - 1981. Veiðimálastofnun, fjölrit 34. 10 bls.

Stefán Óli Steingrímsson og Gísli Már Gíslason, G.M. Body Size, Diet and Growth of Landlocked Brown Trout, *Salmo trutta*, in the Subarctic River Laxá, North-East Iceland. *Environmental Biology of Fishes* **63**, 417–426 (2002).

Jóhannes Sturlaugsson, Hrönn Ólína Jörundsdóttir, Franklín Georgsson og Helga Gunnlaugsdóttir. 2009. Kvikasilfur og önnur óæskileg snefilefni í urriða úr Þingvallavatni. Matís 48-09. 28 bls.

Jóhannes Sturlaugsson og Hilmar J. Malmquist. 2011. Brown trout in Lake Thingvallavatn. 2011. In: Lake Thingvallavatn – Life in the Lake (edited by Jonasson, P.M. and Hersteinsson, P.) 200-206.


Viðauka með veiðikortum SVFR yfir veiðisvæði Laxár í Laxárdal er að finna hér að aftan

LAXFISKAR - fiskirannsóknir í ám, vötnum og sjó



Hraðastöðum1, 271 Mosfellsbæ Sími: 6647080 johannes@laxfiskar.is www.laxfiskar.is


Viðauki 1-A. Veiðikort 1 (af efsta svæðinu) á veiðisvæðinu í Laxá í Laxárdal.




Laxá veiðikort. Byggt á IS50V grunni LMÍ. Veiðistaðir og slóðar frá staðkunnugum. Gervitunglamynd frá Bing

0 1 2 km


Viðauki 1-B. Veiðikort 2 af veiðisvæðinu í Laxá í Laxárdal.



Laxá veiðikort. Byggt á IS50V grunni LMÍ. Veiðistaðir og slóðar frá staðkunnugum. Gervitunglamynd frá Bing




Viðauki 1-C. Veiðikort 3 af veiðisvæðinu í Laxá í Laxárdal.



Laxá veiðikort. Byggt á IS50V grunni LMÍ. Veiðistaðir og slóðar frá staðkunnugum. Gervitunglamynd frá Bing

0 1 2 km


Viðauki 1-D. Veiðikort 4 af veiðisvæðinu í Laxá í Laxárdal.




Laxá veiðikort. Byggt á IS50V grunni LMÍ. Veiðistaðir og slóðar frá staðkunnugum. Gervitunglamynd frá Bing




Viðauki 1-E. Veiðikort 5 af veiðisvæðinu í Laxá í Laxárdal.



Laxá veiðikort. Byggt á IS50V grunni LMÍ. Veiðistaðir og slóðar frá staðkunnugum. Gervitunglamynd frá Bing



Viðauki 1-F. Veiðikort 5 af veiðisvæðinu í Laxá í Laxárdal.



Laxá veiðikort. Byggt á IS50V grunni LMÍ. Veiðistaðir og slóðar frá staðkunnugum. Gervitunglamynd frá Bing

0 1 2 km

LAXFISKAR - fiskirannsóknir í ám, vötnum og sjó

Hraðastöðum1, 271 Mosfellsbæ

Sími: 6647080



johannes@laxfiskar.is

www.laxfiskar.is